

sildveiðistöð Malmquists Einarssonar,
sildveiðistöð h/f Ásgeir Pétursson undir Hafnarbökkum og landið suður
af Timburhólmanum.

75
16. maí 1933

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar
að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

G J A L D S K R Á

fyrir notkun rafmagns í Keflavíkurkaupúni.

76
28. júní

1. gr.

Um leið og hús eru tekin í samband við taugar rafveitunnar, skal húseig-
andi greiða tengigjald, sem fer eftir brunabótavirðingarverði húseignarinnar
þannig, að fyrir hvert hús, sem er að virðingarverði:

frá 0— 5 þúsund krónur greiðist	kr. 20,00
— 5—10 — — —	— 30,00
— 10—20 — — —	— 40,00
yfir 20 — — —	— 50,00

Ef heimtaug frá aðallögn er lengri en 40 metrar ákveður rafveitunefnd tengi-
gjaldið í samráði við hreppsnefnd.

2. gr.

Verð á rafmagni til ljósa gegnum mæli er fyrst um sinn kr. 1,20 kilóvatt-
stund.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjald þetta um 25% eftir því
sem þarf, til þess að rekstur stöðvarinnar beri sig.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að rafmagn handa aðgerðar- og beitingahús-
um, eða annarar slíkrar útgerðarstarfsemi, skuli selt allt að 50% herra verði en
rafmagn til annara ljósa.

Hreppsnefnd ákveður verð á rafmagni til gatna og hafnarlýsingar eða til
hleðslu rafgeyma fyrir útvarpstæki.

Után venjulegs ljósatíma er gæzlumanni heimilt að hafa vélar stöðvarinnar
í gangi ef þess er óskað. Skal sá, sem þess óskar, greiða fyrir hverja klukkustund,
eða brot úr klukkustund kr. 10,00.

Mælisleiga skal vera kr. 0,75 á mánuði.

3. gr.

Gjald fyrir rafmagn um mæli greiðist mánaðarlega um leið og lesið er af
mælinum.

76 Sé gjald fyrir rafmagn eigi greitt innan viku frá gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyr en þrem dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis er afhent honum, eða afhent í húsnæði því, sem lögnin er í.

Hver húseigandi ber ábyrgð á greiðslu fyrir rafmagn, sem notað er í húsi hans.

Gjöld öll fyrir rafmagn má taka lögtaki.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá nr. 10 7. marz 1928, fyrir rafmagn í Keflavíkurkaupþúni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932 til að öðlast gildi 1. júlí þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1934.

Þorsteinn Breim.

Vígfús Einarsson.

77

28. júní

REGLUGERÐ

um notkun og meðferð rafmagns í Keflavík.

1. gr.

Rafveitan er eign Keflavíkurhrepps og hefir hreppsnefndin yfirstjórn hennar. Hún kys 2 menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn, en hreppsnefndaroddviti er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar.

2. gr.

Rafveitan selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti, sem afl stöðvarinnar nægir, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar. Þó má hreppsnefnd selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

4. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 15. ágúst til 15. maí, frá þeim tíma dags, sem ljósa er þörf og þar til á morgnana að vinnubjart er orðið.